

## Bíllinn

Markmið: Að nemendur átti sig á umferðinni og umferðarreglum. Þeir kynnast hljóðum í bílum og úr umhverfinu. Lykilhugtök eru fengin úr

*Komdu og skoðaðu bílinn eftir Gunnhildi Óskarsdóttur og Ragnheiði Hermannsdóttur)*

Aldur: Yngsta stig .

Áherslur í námsskrá: Íslenska, talað mál og hlustun og myndmennt.

Kennsluaðferðir: Umræður, kyrrmyndir, spuni, hljóðmynd, frásögn, hugsa/ræða/deila.

Leikmunir: Hljóðfæri, spýtur, dollur; allt sem getur gefið frá sér hljóð. Langur spotti og blöð til að lita á. (neoncolor litir).

### **Kveikja:**

Kennari ræðir um bíla. Hvað eru bílar, hvaða bílar eru til og til hvers eru þeir notaðir? Fyrir hverju ganga bílar? Ræða um eldsneyti og orku. Hvar er bremsan, stefnuljósið og flautan? Hvað er ökumaður, útblástur og mengun?

### **Hugsa/ræða/deila:**

Fáið nemendur til að hugsa um spurninguna, para sig síðan saman og ræða málin

(1 mínúta). Biðjið þau um að deila með öðrum í bekknum hvaða niðurstöðu þau komust að (Skrifa það á töflu).

### **Kennari í hlutverki:**

Kennari kemur inn sem manneskja úr fortíðinni og þarf hún að fá að vita sitthvað um bíla.

### **Nemendur gerðir að sérfræðingum:**

Nemendur sem sérfræðingar kynna allt það sem þeir vita um bíla fyrir persónuna úr fortíðinni.

**Umræða:**

Getum við persónugert bíla? Er t.d. einhver bíll frekur, stór, hræddur, hávaðasamur, sparneytinn, lítill, töffrabíll, konubíll?

**Kyrrmyndir:**

Nemendur búa til kyrrmyndir af öllum þeim bílum sem rætt var um. (Einn getur sýnt í einu og hinir herma) Allir geta gert eins og þeir vilja.

**Umræður:**

Af hverju höfum við umferðarreglur? Hvað gerist ef við höfum engar reglur?

**Búa til umferðargötur með snæri og kennaratyggjói (Allir hjálpast að).**

**Spuni:**

Nemendur leika bíla, börn og fullorðið fólk í umferðinni. Það eru engar umferðarreglur (ekkert hljóð heyrir).

**Umræður/Myndlist:**

Hvað getum við gert til að allt gangi vel? (Fá hugmyndir hjá nemendum). Lögreglan kemur. Hvernig getur löggan hjálpað? Þurfa bílarnir að fara í eina átt eða margar? Hvaða reglur eigum við að hafa? (ákveða reglur). Búa til skilti og stoppmerki. Búa til gangbraut og allt það sem nemendum dettur í hug á maskínupappír (klippa út og festa með kennaratyggjói).

**Spuni:**

Nemendum skipt í hópa. Bíla, fólk, löngu, börn. Nemendur endurtaka spunann með nýju reglunum.

## Hljóðleikur

### Umræður:

Hver og einn velur sér bíl og útskýrir af hverju. (Kennari spyr, hvernig bíll ert þú? (Stór, lítill, gamall, nýr, dýr, ódýr, frúarbíll, töffarabíll, vinnubíll, löggubíll, jeppi, strætó, grafa, sjúkrabíll?))

### Kyrrmynd:

Nemendur sýna bílinn sinn og í sameiningu er ákveðið hvernig hljóð heyrir í honum. (Ef bíllinn væri manneskja, hvernig liti hann út? Fyrir hverju gengur hann? Bensíni, vetni, rafmagni? Hvernig er hann á litinn?).

### Hljóðmynd:

Nemendur búa til hljóð fyrir hvern bíl fyrir sig. Allir nemendur búa til takt með hverjum bíl.

### Myndlist:

Hver nemandi býr til bíl á stóran pappa sem hægt er að klippa út.

### Sýning:

Nemendur búa til kynningu á bílunum út frá lykilhugtökum í **Komdu og skoðuðu bílinn**. Hver nemandi sýnir bílinn sinn og hinir búa til hljóðin.

### Lykilhugtök úr *Komdu og skoðuðu bílinn*

öryggisatriði tengd bílnum

bremsa

stefnuljós

flauta

hraðahindranir

þrengingar

eldsneyti

orka

Hvað tekur eldsneytisgeymirinn marga lítra?



Hvað kostar lítrinn?

Hvað kostar eldsneyti á bílinn? Hvað skyldi það duga lengi?  
umferðarreglur

ökumaður

vegfarandi

útblástur

mengun

endurnýting

aðferðir til að draga úr mengun